

**Borgarráð 14. nóvember 2024: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun eftirlits með leikskólaþjónustu og daggæslu í Reykjavík MSS24110084**

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að Reykjavíkurborg endurskoði fyrirkomulag eftirlits með leikskólaþjónustu og daggæslu í Reykjavík. Við þá vinnu verði öryggi og bestu hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi. Þó vissulega sé langalgengast að þeir sem reki daggæslu eða leikskóla í borginni geri það af metnaði og umhyggju, þá hafa komið upp tilvik gegnum árin þar sem aðstæðum ómálga barna reynist ábótavant. Börn verða ávallt að njóta vafans, öryggi þeirra og vellíðan þarf ávallt að vera í forgrunni og þeim þarf að tryggja bestu mögulegu skilyrði. Leggja fulltrúarnir því til endurskoðun á fyrirkomulagi eftirlitsheimsókna en mikilvægt er að hluti þeirra sé fyrirvaralaus, ekki síst á þá starfsstaði sem reka ungbarnadeildir eða daggæslu fyrir ungbörn. Jafnframt þarf að tryggja gott samstarf, ráðgjöf og stuðning við þá aðila sem reka þessa mikilvægu þjónustu fyrir fjölskyldur í Reykjavík.